



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101

Skjólborgarverkefnið- ICORN - nýr rithöfundur kominn til Reykjavíkur

Reykjavíkurborg gerðist aðili að ICORN (International Cities of Refuge Network) árið 2010. ICORN eru samtök borga víðs vegar um heim sem gerst hafa skjólborgir rithöfunda sem ekki er gert kleift að búa í heimalandi sínu. Einn rithöfundur er gestur hvernar borgar hverju sinni og með því að veita honum skjólborg er honum tryggður öruggur dvalarstaður og efnahagslegt öryggi.

Nú er kominn til Reykjavíkur þriðji gestur verkefnisins. Ana Naila Zahin er bloggari og aktivisti, fædd árið 1995 í Bangladesh. Ana hefur verið virk í skrifum á bloggsíðum og í fjölmiðlum í sínu heimalandi frá árinu 2013 þegar hún tók virkan þátt í Shahbag mótætlunum í Bangladesh ásamt þúsund annarra. Þau mótætlunir snéru að ákvörðun yfirvalda að dæma til dauða aðila sem hafði tekið þátt í vopnaðri baráttu gegn yfirvöldum árið 1971 (Bangladesh Liberation War). Skrif Önu snéru m.a. að kynjajafnrétti, feminisma, trúleysi og stjórnámálum. Ana var neydd til að hætta háskólanámi og í framhaldi að fara í felur um mitt ár 2016 þar sem ógn stóð að öryggi hennar. Frá árinu 2016 hafa fimm félagar hennar verið drepnir og stjórnvöld hafa ekki geta veitt henni nægjanlega vernd.

Ana óskar eftir að hefja háskólanám á hausti komandi.

Mannréttindaskrifstofa mun halda utan um verkefnið líkt og áður ásamt starfshópi ICORN.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri